

Greiðslujöfnuður við útlönd á 3. ársfjórðungi 2003 og erlend staða þjóðarbúsins

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var 13,2 milljarða króna halli á viðskiptum við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2003. Á sama tímabili í fyrra var afgangur af viðskiptum við útlönd 1,9 milljarðar króna. Viðskiptahallinn var 32,3 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2003 samanborið við 2,1 milljarðs króna halla á sama tíma 2002. Útflutningur vöru og þjónustu minnkaði á fyrstu níu mánuðum ársins um 0,8% en innflutningur jókst um 13,4% frá sama tíma í fyrra reiknað á föstu gengi¹. Hallinn á jöfnuði þáttatekna (launa, vaxta og arðs af fjárfestingum) og rekstrarframlögum nettó var um 15,9 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2003 sem var heldur minni halli en í fyrra.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Júlí- september</i>		<i>Janúar- september</i>	
	<i>2002</i>	<i>2003</i>	<i>2002</i>	<i>2003</i>
Viðskiptajöfnuður	1,9	-13,2	-2,1	-32,3
Útflutningur vöru og þjónustu	80,8	79,0	236,5	217,4
Innflutningur vöru og þjónustu	-75,6	-87,4	-222,5	-233,8
Þáttatekjur og framlög, nettó	-3,4	-4,8	-16,1	-15,9
Fjármagnsjöfnuður	-12,3	16,9	5,7	51,0
Fjármagnshreyfingar án forða	1,4	26,4	22,5	60,9
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-13,6	-9,6	-16,7	-9,8
<i>Skekkjur og vantalið nettó</i>	<i>10,4</i>	<i>-3,7</i>	<i>-3,6</i>	<i>-18,7</i>

Hreint fjárinnstreymi mældist 51 milljarður króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2003 og skýrist að stærstum hluta af erlendum lántökum og skuldabréfaútgáfu í útlöndum. Mestu munar um hreint fjárinnstreymi innlánsstofnana sem nam 102 milljörðum króna á þessu tímabili. Fjárústreymi vegna erlendra verðbréfakaupa nam 27,5 milljörðum króna og hafði aukist umtalsvert frá árinu áður. Önnur eignamyndun í útlöndum var mikil á fyrstu níu mánuðum ársins 2003, einkum vegna erlendra innstæðna og útlána bankanna. Nokkurt fjárústreymi varð vegna beinna fjárfestinga innlendra aðila erlendis umfram fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var 7,3% lægri á fyrstu níu mánuðum 2003 en á sama tímabili í fyrra.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 46,4 milljörðum króna í lok september sl. og hafði aukist um 9,6 milljarða króna á þriðja fjórðungi ársins.

Skekkjuliður greiðslujafnaðar er stór og neikvæður á fyrstu níu mánuðum ársins. Talið er að hann stafi af meira fjárústreymi en tekist hefur að afla upplýsinga um með venjubundnum hætti. Annað hvort var meiri eignamyndun erlendis eða skuldalækkun en hér er sýnd í bráðabirgðayfirliti greiðslujafnaðar við útlönd.

Erlendar skuldir þjóðarinnar námu 596 milljörðum króna umfram erlendar eignir í lok september sl. Hrein skuldastaða við útlönd hækkaði um 24 milljarða króna frá árslokum 2002 einkum vegna viðskiptahallans en þar á móti veldur gengishækkun krónunnar og hækkun á markaðsvirði erlendra hlutabréfa lækkun skuldastöðunnar. Meðfylgjandi yfirlit sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins.

Mánudaginn 1. desember 2003 birtist töfluyfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans: (www.sedlabanki.is).

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson, deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabanka Íslands, í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Júlí- september		Janúar - september		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2002	2003	2002	2003	
Viðskiptajöfnuður	1.911	-13.223	-2.123	-32.266	
Útflutningur vöru og þjónustu	80.831	79.023	236.523	217.430	-0,8%
Innflutningur vöru og þjónustu	-75.550	-87.428	-222.512	-233.754	13,4%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-3.370	-4.818	-16.134	-15.942	6,6%
Vöruskiptajöfnuður	658	-10.878	11.392	-10.997	
Útfluttar vörur f.o.b.	48.228	43.965	155.546	137.086	-4,9%
Innfluttar vörur f.o.b.	-47.570	-54.843	-144.154	-148.083	10,9%
Þjónustujöfnuður	4.623	2.473	2.619	-5.327	
Útflutt þjónusta	32.603	35.058	80.977	80.344	7,1%
Samgöngur	15.068	15.563	40.228	38.522	3,4%
Ferðalög	9.742	11.314	18.243	19.756	16,9%
Önnur þjónusta	7.793	8.181	22.506	22.066	5,8%
Innflutt þjónusta	-27.980	-32.585	-78.358	-85.671	18,0%
Samgöngur	-10.907	-11.760	-30.138	-30.243	8,3%
Ferðalög	-9.687	-11.945	-24.956	-29.195	26,3%
Önnur þjónusta	-7.386	-8.880	-23.264	-26.233	21,7%
Þáttatekjur, nettó	-5.539	-4.409	-17.773	-15.432	
Tekjur	3.622	4.551	10.955	12.996	28,0%
Laun	1.352	1.649	3.882	4.656	29,4%
Vextir og ávöxtun hlutfjár ²	2.270	2.902	7.073	8.340	27,3%
Gjöld	-9.161	-8.960	-28.728	-28.428	6,8%
Laun	-128	-83	-591	-360	-34,3%
Vextir og ávöxtun hlutfjár ²	-9.033	-8.877	-28.137	-28.068	7,7%
Rekstrarframlög	2.169	-409	1.639	-510	
Fjármagnsjöfnuður	-12.274	16.928	5.747	50.988	
Fjáframlög, nettó	-32	51	-61	-77	
Fjármagnshreyfingar ³	-12.242	16.877	5.808	51.065	
Hreyfingar án forða	1.389	26.439	22.519	60.862	
Bein fjárfesting, nettó	530	-1.759	-3.378	-1.397	
Innlendra aðila erlendis	-250	-2.328	-6.602	-2.483	
Erlendra aðila á Íslandi	780	569	3.224	1.086	
Verðbréfavíðskipti, nettó	12.966	46.773	40.806	130.043	
Erlend verðbréf	-11.556	-13.373	-18.248	-27.470	
Hlutfé	-8.776	-11.471	-15.313	-23.486	
Skuldaskjöl	-2.780	-1.902	-2.935	-3.984	
Innlend verðbréf	24.522	60.146	59.054	157.513	
Hlutfé	289	453	-1.971	-3.839	
Skuldaskjöl	24.233	59.693	61.025	161.352	
Annað fjármagn, nettó	-12.107	-18.575	-14.909	-67.784	
Eignir	-1.678	-4.135	-25.885	-53.320	
Skuldir	-10.429	-14.440	10.976	-14.464	
Gjaldeyrisforði	-13.631	-9.562	-16.711	-9.797	
Skekkjur og vantalið	10.363	-3.705	-3.624	-18.722	

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutfé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjárustreymi vegna eignaaðkunar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	<i>2000</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>Júní* September*</i> <i>2003 2003</i>	
I. Erlendar eignir, alls	315,8	421,1	394,2	474,0	508,5
1 Bein fjárfesting erlendis	56,2	86,7	86,6	86,7	89,4
11 Eigið fjármagn	41,0	66,6	70,9	72,7	76,1
12 Lán til tengdra félaga	15,2	20,2	15,7	13,9	13,3
2 Erlend markaðsverðbréf	186,3	202,5	159,3	190,8	207,9
21 Hlutfé	179,7	188,0	148,9	178,3	193,5
22 Skuldaskjöl	6,6	14,6	10,4	12,5	14,5
221 Skuldabréf	3,6	11,8	9,6	12,0	14,2
222 Peningabréf	3,0	2,8	0,8	0,5	0,3
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	39,1	95,2	111,1	159,7	164,8
5 Gjaldeyrisforði	34,2	36,6	37,2	36,9	46,4
II. Erlendar skuldir, alls	763,6	1.009,9	967,0	1.048,5	1.104,9
1 Bein fjárfesting á Íslandi	41,5	69,5	64,6	57,9	55,1
11 Eigið fjármagn	33,1	63,7	60,2	55,0	52,1
12 Lán frá tengdum félögum	8,5	5,9	4,3	2,9	3,0
2 Innlend markaðsverðbréf	346,7	468,0	468,3	567,8	636,7
21 Hlutfé	1,2	5,6	7,9	4,2	5,0
22 Skuldaskjöl	345,5	462,4	460,4	563,6	631,6
221 Skuldabréf	299,2	379,4	388,4	450,4	529,5
222 Peningabréf	46,3	83,0	72,0	113,3	102,1
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	375,3	472,4	434,2	422,7	413,2
41 Löng lán	288,1	377,0	295,4	268,3	259,7
42 Skammtímaskuldir	87,2	95,4	138,8	154,4	153,5
III. Hrein staða við útlönd	-447,8	-588,8	-572,8	-574,5	-596,4
1. Áhættufjármagn, nettó	193,1	199,6	163,0	202,8	222,8
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-640,9	-788,4	-735,8	-777,3	-819,2
21 Seðlabankinn	18,6	21,7	20,8	32,6	46,2
22 Hið opinbera	-167,4	-239,6	-225,4	-217,0	-219,4
23 Innlánsstofnanir	-329,5	-377,4	-366,7	-419,5	-474,5
24 Aðrir geirar	-162,6	-193,2	-164,6	-173,4	-171,6
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	84,47	102,95	80,58	76,38	75,89
IV. Skuldahlutföll: ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-64,0	-76,3	-79,7	-71,1	-72,7
12 Hrein skuldastaða ²	91,6	102,1	102,4	96,1	99,9
13 Erlend skuldastaða ³	103,1	121,1	124,5	122,0	127,4
131 þ.a. langtímaskuldir	84,0	98,0	95,2	88,9	96,3

*) Bráðabirgðatölur.

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfæ).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.